

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 230/1980. **M**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

K

(Gylfi Thorlacius hrl.)

**og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins**

(Gunnlagur Claessen hrl.).

Stjórnsýsla. Barnalög. Synjað um endurgreiðslu meðlags.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 12. nóvember 1980.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða sér 40.036.47 krónur með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af 3.678.37 krónum frá 31. desember 1975 til 31. desember 1976, 2½% dráttarvöxtum af 4.858.63 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 31. desember 1977, af 6.542.36 krónum frá þeim degi til 31. desember 1978, af 9.187.63 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af 40.036.47 krónum frá þeim degi til 1. september 1979, en með 4½% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda K krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hún fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. mars 1981.

Stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, viðurkenndi áfrýjandi fyrir sýslumanninum í Árnessýslu, að hann væri faðir barns þess, sem stefnda K ól 29. maí 1966. Áfrýjandi hefur ekki fengið þeirri faðernisviðurkenningu hnekkð með dómi, sbr. nú 10. gr. laga nr. 9/1981. Telst hann því faðir barnsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1947, sbr. nú 1. mgr. 8. gr. laga nr. 9/1981. Ósannað er, að stefnda K hafi haft í frammi vísvitandi blekkingu, er hún lýsti áfrýjanda föður að barni sínu, eða sýnt af sér svo vítavert athæfi, að hún þurfi að endurgreiða þegið meðlag. Endurgreiðsla meðlagsins mundi auk þess koma þungt niður á stefndu K, sem tók við því í þeirri trú, að um endanlega greiðslu væri að ræða.

Samkvæmt þessu og þar sem miskabótakrafan á ekki við nein rök að styðjast, ber að sýkna stefndu K að kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Fyrir Hæstarétti byggist krafa áfrýjanda á hendur stefndu fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra eingöngu á því, að sýslumaður Árnessýslu hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar. Engin gögn liggja fyrir í málinu, sem sýni, að sýslumaðurinn hafi ekki gætt réttra starfsaðferða, og ber að sýkna fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra af kröfum áfrýjanda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Gjafvarnarkotnaður stefndu K fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðst talsmanns hennar, 8.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu K greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur M, . . ., höfðað fyrir

bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. október 1979, gegn K, . . ., og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis til greiðslu in solidum á kr. 4.003.647 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 367.837 frá 31. desember 1975 til 31. desember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 485.863 frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði til 31. desember 1977, af kr. 654.236 frá þeim degi til 31. desember 1978, en af kr. 918.763 frá þeim degi til 1. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 4.003.647 frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda K gerir þær dómkröfur aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð stórlega. Hún krefst einnig, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með leyfi, dags. 29. janúar 1980, veitti dómsmálaráðherra K gjafvörn í málinu.

Af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara er þess krafist, að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð til mikilla muna og verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 23. september 1966, fór sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu þess á leit við sýslumanninn í Árnessýslu, að aflað yrði viðurkenningar stefnanda að vera faðir barns þess, sem stefnda K ól 29. maí 1966, en hún hafði lýst stefnanda föður þess. Var jafnframt óskað eftir, að gefinn yrði út meðlagsúrskurður og að barnsföðurnum yrði gert að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess, tryggingargjald móðurinnar fyrir árið 1966 og hæfilegan fæðingarstyrk hennar. Stefnandi var kvaddur fyrir sýslumanninn í Árnessýslu, og viðurkenndi hann að vera faðir barnsins. Var kveðinn upp meðlagsúrskurður, þar sem kveðið var á um skyldu stefnanda til að greiða meðlög með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk, kr. 9.985, og tryggingargjald barnsmóður fyrir árið 1966. Var úrskurðurinn birtur stefnanda samdægurs, 4. október 1966. Með bréfi, dags. 20. mars 1979, fór lögmaður stefnanda þess á leit við yfirsakadómarann í Reykjavík, að fram færi rannsókn á faðerni barnsins, þar sem stefnandi hefði vefengt að vera faðir þess. Hafði stefnda K samþykkt, að hún og barnið gengjust undir blóðrannsókn í þessu skyni. Hinn 3. apríl 1979 voru síðan tekin blóðsýni úr stefnanda, stefndu K og barninu og þau rannsökuð í Rannsóknastofu Háskólans. Í álitserð dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 10. maí 1979, um

niðurstöður rannsóknarinnar segir svo: „Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar getur M ekki verið faðir . . . dóttur K, þar eð eiginleikinn B, sem finnst í blóði telpunnar, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hennar né M. Einnig mælir erfðamáti Rh-kerfisins gegn því, að M sé faðir telpunnar.“ Hinn 7. nóvember sama ár voru blóðsýni tekin að nýju og rannsóknin endurtekin. Um niðurstöðu þeirrar rannsóknar segir svo í álitserð dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 18. desember 1979: „Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar getur M ekki verið faðir . . . dóttur K, þar eð eiginleikinn B, sem finnst í blóði telpunnar, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hennar né M. Erfðamáti Rh-kerfisins mælir einnig gegn því, að M sé faðir telpunnar. Rannsókn þessi er endurtekin að beiðni lögmanns sóknaraðila (móður)“. Að kröfu stefnanda kvað sýslumaðurinn í Árnassýslu upp úrskurð hinn 30. maí 1979, þar sem úrskurðurinn frá 4. október 1966 var felldur úr gildi með vísan til niðurstöðu Rannsóknastofu Háskólans, og voru allar frekari greiðslu felldar niður frá uppkvaðningu síðari úrskurðarins.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi kynnst stefndu K litillega og hafi þau haft samfarir einu sinni. Muni það hafa verið í ágúst-mánuði. Það hafi svo verið á næsta ári sem K hafi skrifað honum og hafi hún kennt honum barn það, sem hún gekk með. Hann hafi ekki svarað bréfinu, en hann hafi farið til Reykjavíkur, þegar K var komin þangað með barnið, og hafi þau þá rætt saman. Hafi hann sagt K, að fleiri gætu komið til greina en hann sem faðir barnsins, en K hafi þá sagst mundu sverja faðernið á hann, ef hann gengist ekki við því. Mun ekki hafa komið til álita í samtali þessu, að látin yrði fara fram blóðrannsókn. Stefnandi kveður það svo hafa gerst nokkuð löngu eftir þetta, að tveir lögreglumenn hafi komið til sín, þar sem hann var við vinnu sína, og beðið sig um að koma með þeim. Hann hafi spurt þá, hvað um væri að vera, en hann hafi ekki fengið neitt svar. Kveður hann svo lögregluþjónana hafa farið með sig í skrifstofu sýslumannsins og hafi þeir síðan farið fram fyrir. Hann kveður svo sýslumanninn hafa gert sér grein fyrir því, að K kenndi sér barnið. Kveðst hann ekki hafa þrætt fyrir að hafa verið með K, en hann hafi sagt sýslumanninum, að fleiri gætu átt þar hlut að máli. Hafi svo orðið smáhlé á samtali þeirra, en sýslumaðurinn hafi þá spurt, hvort hann ætti barnið eða ætti það ekki. Kveðst stefnandi hafa svarað, að hann vissi það ekki. Kveðst stefnandi ekki hafa vitað, hvað hann átti að gera, og hafi hann svo meðgengið barnið. Hafi hann síðan undirritað skjal hjá sýslumanninum, þar sem fram hafi komið, að hann viðurkenndi að vera faðir barnsins. Stefnandi kveður nú ekkert samband hafa verið milli sín og K. Það hafi ekki heyrst frá henni og hann hafi ekki haft samband við hana.

Stefnandi kveðst nú ekkert hafa gert í málinu, því að hann hafi ekki

talið það hafa neina þýðingu, eins og gengið var frá málinu í upphafi.

Stefnda K hefur skýrt svo frá, að hún hafi kynnst stefnanda sumarið 1965. Þau hafi ekki verið mikið saman. Hafi þau haft samfarir saman að minnsta kosti tvisvar sinnum. Hafi það verið um mánaðamót ágúst og september sem hún hafi orðið vör við, að hún væri vanfær að barni því, sem hún kenndi stefnanda. Hafi hún fyrir fæðingu barnsins ekki haft samfarir við aðra menn en stefnanda. Það hafi svo verið um mánaðamót september og október það ár, að hún hafi látið stefnanda vita af því, að hún teldi hann föður barnsins. Hún hafi þá verið utanbæjar og hafi hún skrifað stefnanda um þetta. Þau hafi svo talað saman í síma og hafi hann ekki virst óánægður yfir því. Hún hafi boðist til að koma suður með barnið, til að hann gæti fengið að sjá það, ef hann efaðist um að vera faðir þess. Hún kveðst svo hafa komið til Reykjavíkur, þegar barnið var þriggja til fjögurra mánaða gamalt, og hafi stefnandi þá komið, en hann hafi ekki viljað sjá barnið. Hann hafi spurt, hvort hún væri viss um, að hann væri faðir barnsins, og hafi hún svarað því játandi. Hafi hún sagt, að ef hann efaðist um að vera faðir barnsins, gæti hann látið rannsaka það. Hún hafi spurt hann, hvort hann mundi ganga frá faðernisviðurkenningu, og hafi hann játað því. Hún kveðst svo hafa sagt sýslumanningum, er hún kom norður aftur, að stefnandi viðurkenndi að vera faðir barnsins. K kveður þau stefnanda ekki hafa hist eftir þetta og ekki talað saman fyrr en í janúar-mánuði á síðasta ári, að stefnandi hafi óskað eftir, að hún og barnið færu í blóðrannsókn.

Krafa stefnanda á hendur stefndu K er byggð á því, að hún hafi með ólögsmætum hætti haft af honum fé með því að benda ranglega á hann sem föður að barni því, sem hún ól 29. maí 1966. Hafi stefnanda ranglega verið gert að greiða meðlög með barninu og aðrar fjárhæðir samkvæmt meðlagsúrskurði þeim, sem kveðinn var upp 4. október 1966. Hafi nú verið upplýst með vísindalegum rannsóknum, að stefnandi geti ekki verið faðir barnsins. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að stefnda K hefði vísitandi bent ranglega á stefnanda sem föður barnsins. Er því haldið fram, að stefnandi eigi því ekki aðeins endurgreiðslukröfu á hendur stefndu K, heldur einnig skaðabótakröfu fyrir allt það tjón, sem hlotist hafi af hinni röngu ábendingu. Nemi tjón stefnanda fjárhæðum meðlagsgreiðslna þeirra, sem honum var gert að greiða með barninu, svo og öðrum greiðslum samkvæmt meðlagsúrskurðinum. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi hlotið mikinn miska af hinni röngu ábendingu, bæði sökum þess, að hann hafi þurft að inna af hendi háar greiðslu, er hann var ungur maður að hefja lífsbaráttuna, og einnig hafi hann orðið fyrir siðferðilegum hnekki. Er því haldið fram, að kröfum stefnanda sé réttilega beint að stefndu K, þar sem kröfugerðin sé byggð á ólögsmætum aðgerðum hennar og sé ekki

fyrir hendi réttarsamband milli stefnanda og barnsins eða fósturforeldra þess.

Krafa stefnanda á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins er byggð á því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnanda, er hann innti stefnanda eftir því, hvort hann viðurkenndi að vera faðir barnsins. Hafi sýslumaðurinn ekki gert stefnanda ljóst, hver réttarstaða hans var. Ef það hefði verið gert, hefði aldrei komið til þess, að stefnandi yrði úrskurðaður meðlagsskyldur með barninu. Þótt sýslumaðurinn hafi ekki komið fram þarna sem dómari, hafi honum þrátt fyrir það borið að leiðbeina stefnanda. Er því haldið fram, að ríkisvaldið, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins, beri húsbóndaábyrgð á gerðum sýslumanna, er þeir koma fram sem yfirvald, og því beri ríkisvaldinu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna skorts á leiðbeiningum sýslumannsins í umrætt sinn. Er því haldið fram, að atriði þau, sem skaðabótaskylda allra stefndu sé byggð á, sé svo samofin, að ekki verði úr þeim greitt, og því sé um að ræða óskipta fébótaábyrgð þeirra. Við munnlegan flutnings málsins kom fram af hálfu stefnanda, að með því að láta tvo lögreglumenn sækja stefnanda og með framkomu sinni gagnvart stefnanda að öðru leyti kunni sýslumaðurinn að hafa haft þau áhrif á stefnanda, sem verið hafi ungur og óreyndur, að hann hafi viðurkennt að vera faðir barnsins. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eins og grundvelli og eðli kröfu stefnanda sé háttað á hendur öllum stefndu, þá geti ekki verið um það að ræða, að hún sé fallin niður fyrir fyrningu.

Sýknukrafa stefndu K er í fyrsta lagi byggð á því, að hún sé ekki réttur varnaraðili máls þessa, enda hafi ekkert af fé því, sem stefnanda var gert að greiða með barninu, runnið til hennar. Fyrstu fjögur árin hafi barnið alist upp hjá hjónum, sem hafi ætlað að ættleiða það, en af því hafi ekki orðið. Hafi foreldrar stefndu K þá tekið barnið til sín og alið það upp sem sitt barn. Hafi Greiðslur þær, sem stefnanda var gert að greiða, runnið til þessara aðilja. Því hafi stefnanda borið að stefna lögráðamanni barnsins fyrir þess hönd eða framangreindum aðiljum, sem önnuðust uppeldi barnsins, til endurheimtu fjárhæða þeirra, sem hann innti af hendi í þágu barnsins. Þá er því haldið fram, að K hafi verið í góðri trú, er hún taldi stefnanda föður barnsins, enda hafi þau haft samfarir á þeim tíma, sem var eðlilegur getnaðartími barnsins. Hafi stefnandi heldur ekki mótmælt því að vera faðir barnsins, er þau hittust í Reykjavík og töluðu saman. Hafi það ekki verið fyrr en skömmu áður en rekstur máls þessa hófst sem hún hafi vitað, að stefnandi efaðist um að vera faðir barnsins. Hafi hún þá þegar samþykkt, að hún og barnið gengjust undir rannsókn til að fá skorið úr efa-

semdum stefnanda, þótt ekki bæri henni skylda til þess að lögum. Þá er sýknukrafa stefndu K einnig byggð á því, að krafa, sem stefnandi kunni að hafa átt, sé fallin niður fyrir aðgerðarleysi hans, enda hafi honum þegar í upphafi og hvenær sem var eftir það verið í lófa lagið að fara fram á, að framkvæmd yrði blóðrannsókna. Hefði stefnda K þegar í stað samþykkt að gangast undir slíka rannsókn ásamt barninu, svo sem og varð, er stefnandi loksins óskaði eftir henni, en þá hafi verið liðin 13 ár, frá því stefnandi gekkst við faðerni barnsins. Er því sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi á þeim tíma reynt að fá meðlagsúrskurðinum breytt. Þá er sýknukrafa stefndu K byggð á því, að krafa, sem stefnandi kunni að hafa átt, sé fallin niður fyrir fyrningu skv. 3. gr. laga nr. 14/1905. Kröfu stefnanda um miskabætur er mótmælt sem fráleitri svo og fjárhæð þess liðar kröfugerðar stefnanda. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum miska af því að teljast faðir barnsins og inna af hendi greiðslur samkvæmt meðlagsúrskurðinum, en það hafi verið algerlega á valdi hans sjálfs að viðurkenna faðerni barnsins eða synja fyrir það.

Sýknukrafa stefndu fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins er byggð á því, að með öllu séu ósannaðar ásakanir stefnanda á hendur sýslumanninum í Árnessýslu um mistök í starfi og misbeitingu valds. Því hafi ekki skapast neinn grundvöllur fyrir kröfum stefnanda á hendur þessum stefndu í málinu. Sé með öllu ósannað annað en að sýslumaðurinn hafi gefið stefnanda allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi voru, og að stefnandi hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist við faðerni barnsins. Hafi svo meðlagsúrskurður verið kveðinn upp og birtur fyrir stefnanda með lögmaetum og venjubundnum hætti. Ekki séu til neinar reglur í íslenskum rétti um leiðbeiningarskyldu yfirvalds á sviði stjórnsýslu og þótt sýslumenn séu einnig héraðsdómarar, þá fylgi hin ríka leiðbeiningarskylda dómara þeim ekki, er þeir sinna störfum sem yfirvald. Er því haldið fram, að með öllu sé ósannað, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi sem fulltrúi ríkisvaldsins valdið stefnanda neinum réttarspjöllum, er varðað geti ríkisvaldið bótaábyrgð. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi árangurslaust reynt að fá meðlagsúrskurðinum breytt eða hrundið, svo sem fram komi í skjölum málsins af hálfu stefnanda. Hafi það fyrst verið með bréfi lögmanns stefnanda 20. mars 1979 sem bornar hafi verið formlega brigður á réttmæti faðernisviðurkenningar stefnanda og meðlagsúrskurðarins frá 4. október 1966. Hafi þá þegar verið hafist handa um blóðflokkarannsókn, sem leitt hafi til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi geti ekki verið faðir barnsins. Hafi svo sýslumaðurinn í Árnessýslu felld meðlagsúrskurðinn úr gildi 30. maí 1979 og hafi allar greiðslur stefnanda með barninu verið felldar niður frá og með þeim degi. Til vara

er fjárhæð dómkröfu stefnanda mótmælt sem of hárrí, og jafnframt er kröfu um dráttarvexti mótmælt.

Þótt það sé móðir óskilgetins barns, lögráðamaður eða þeir, sem annast framfærslu barnsins, sem aðild eiga að kröfu um meðlagsúrskud á hendur barnsföður, þá verður að telja það reglu íslensks réttar, að óskilgetin börn eigi sjálf rétt til meðlagsins úr hendi föður. Verður stefnda K því sýknuð vegna aðildarskorts af kröfum stefnanda að því leyti, að á því er byggt, að um sé að ræða kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra barnsmeðlaga.

Stefnda K kenndi stefnanda barna það, sem hún ól 29. maí 1966. Fór hún þess á leit við sýslumanninn í Húnavatnssýslu, að aflað yrði faðernisviðurkenningar stefnanda. Sendi sýslumaðurinn það erindi sýslumanninum í Árnassýslu, þar sem stefnandi bjó. Er gert ráð fyrir slíkum faðernisviðurkenningum í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1947 um forræði óskilgetinna barna, án þess að til barnsfaðernismáls komi. Sýslumaðurinn kvaddi stefnanda á sinn fund og bar undir hann, hvort hann viðurkenndi að vera faðir barnsins. Viðurkenndi stefnandi eftir nokkra umhugsum að vera faðir barnsins. Stefnandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við stefndu K á tímabili, er getur verið getnaðartími barnsins. Þótt niðurstöður rannsókna, sem fram hafa farið, útiloki nú, að stefnandi geti verið faðir barnsins, þá verður að telja ósannað, að stefnda K hafi vísitandi ranglega kennt honum faðernið. Með vísan til þessa þykir stefnandi ekki eiga rétt samkvæmt reglum skaðabótaréttar að heimta fjárhæðir þær, sem hann hefur innt af hendi sem meðlög með barninu. Ekki er gerð krafa um greiðslu fjárhæðar fæðingarstyrks eða tryggingargjalds stefndu K samkvæmt meðlagsúrskurðinum. Verður stefnda K því sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Sýslumaðurinn í Arnassýslu kom fram sem valdsmaður, er hann kvaddi stefnanda á sinn fund og gerði honum grein fyrir því, að stefnda K kenndi stefnanda barnið. Þótt telja verði, að á valdsmönnum hvíli nokkur leiðbeiningarskylda, þá verður ekki talið, að á þeim hvíli jafnrík leiðbeiningarskylda og lögboðin leiðbeiningarskylda dómara. Stefnandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við stefndu K á tímabili, sem getur verið getnaðartími barnsins. Þótt stefnandi hafi haft uppi efasemdir um að vera faðir barnsins í samtali sínu við sýslumanninn, er ekki fram komið, að sýslumaðurinn hafi haft rökstudda ástæðu til að ætla, að þær gæfu tilefni til frekari rannsókna. Verður að telja ósannað, að stefnandi hafi gefið faðernisviðurkenninguna vegna skorts á leiðbeiningu um réttarstöðu sína. Þá verður að telja ósannað, að með því að senda lögreglumenn til að boða stefnanda hafi sýslumaðurinn haft þau áhrif á stefnanda, að hann viðurkenndi faðernið. Þá er og ósannað, að sýslumaðurinn hafi með framkomu sinni gagnvart stefnanda haft þau áhrif á hann, að stefnandi viðurkenndi faðernið nauð-

ugur. Þá er ósannað, að stefnandi hafi farið fram á endurupptöku málsins fyrr en á árinu 1979, svo sem áður er rakið. Verður kröfugerð á hendur fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra ekki byggð á því, að synjað hafi verið um endurupptöku málsins.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Kostnaður stefndu K greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, kr. 600.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, K, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda M í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefndu K greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, kr. 600.000.

Mánnudaginn 6. júní 1983.

Nr. 109/1981. **Sigurjón Ari Sigurjónsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda

í Reykjavík f. h. þrotabús Pryms h/f

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.